

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 23 ? 21.10. 2003

Þriðjudaginn 21. október, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1630 í Áhaldahúsinu.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason, Einar Gíslason, Páll Pálsson framkvæmdastjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. 50 ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks.  
Árni Ragnarsson arkitekt mætir á fundinn.
2. Hitaveita fyrir Akrahrepp.
3. Bréf frá Friðriki Rúnari Friðrikssyni Lambeyri varðandi hitaveitumál.
4. Önnur mál.
  1. Borun við Kýrholt

### AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda Sighvats setti fund og gekk til dagskrár.

1. Unnið að undirbúningi að 50 ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks, Árni Ragnarsson mætti á fundinn. Lagði hann fram teikningar af lóð Dælustöðvarinnar og skýrði hugmyndir sínar út fyrir fundarmönnum. Árni mun áfram vinna að hugmyndum af lóð dælustöðvarinnar og umhverfi hennar. Páll rakti dagskrána og skipulag hennar. Búið er að senda út rúmlega hundrað boðsbréf.
2. Rætt um stöðu mála. Bragi Þór hjá Verkfræðiskrifstofunni Stoð er að ljúka gerð kostnaðaráætlunar. Þá verður Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG fenginn til að gera rekstraráætlun.
3. Lagt fram bréf frá Friðriki Rúnari Friðrikssyni Lambeyri, þar sem hann óskar eftir viðræðum um samstarf eða kaup Skagafjarðarveitna á þeirri hitaveitu sem Lambeyri rekur. Stjórnin óskar eftir því að fá Friðrik Rúnar á fund.
4. Önnur mál.
  1. Reiknað er með að boranir hefjist við Kýrholt í vor.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 18.00